



Juris-lögfræðiskrifstofa sf.
Bjarni Aðalgeirsson
Borgartúni 26
105 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 30. júlí 2021
Tilv.: UMH21070002/8.14

Ráðuneytið vísar til erindis Juris, f.h. Vöku hf. björgunarfélags, sem barst ráðuneytinu með bréfum dags. 1. júlí og 9. júlí sl.

Í erindinu er sótt um tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem ákvörðun Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um að veita Vöku hf. starfsleyfi fyrir móttökustöð fyrir úrgang, bílapartasölu, bifreiða- og vélaverkstæði og hjólbarðaverkstæði að Héðingsgötu 2 í Reykjavík var fellt úr gildi þann 25. júní sl. með úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Niðurstaða úrskurðarnefndar hafi byggst á því að móttaka úrgangs teldist ekki léttur iðnaður í skilningi aðalskipulags svæðisins. Í kjölfar úrskurðarins hafi Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur krafist þess, með bréfi dags. 28. júní sl. að starfsleyfisskyld starfsemi félagsins yrði stöðvuð. Í framangreindu erindi frá 1. júlí sl. er óskað eftir undanþágu frá kröfu um starfsleyfi, til loka árs 2021, í samræmi við upphaflegt starfsleyfi. Í erindinu kemur fram að afar ríkar ástæður mæli með því að veita Vöku hf. tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi. Félagið gegni afar mikilvægu hlutverki við endurvinnslu, endursölu og úrvinnslu bifreiða. Félagið hafi jafnframt nokkra sérstöðu þar sem það sé eina fyrirtækið sem sjái um að fjarlægja ökutæki úr einkastæðum á höfuðborgarsvæðinu og taka ökutæki í sínar vörslur að beiðni lögreglu. Félagið veiti jafnframt heilbrigðisefirlitum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og nágrennasveitarfélaga þjónustu. Í ljósi hagsmuna félagsins og annarra sem hagsmuni hafi af rekstri félagsins séu því ríkar ástæður til að veita fyrirtækinu tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi svo að fyrirtækið hafi svigrúm til að leysa úr þeirri stöðu sem upp sé komin.

Í bréfi félagsins dags. 9. júlí sl. er vakin athygli á því að í stað þess leyfis sem úrskurðarnefnd hafi fellt úr gildi hafi verið sótt um fjögur ný starfsleyfi til heilbrigðisnefndar og fylgdu eftirfarandi umsóknir um starfsleyfi, ásamt greinargerðum, með bréfinu:

- umsókn um starfsleyfi fyrir dekkjaverkstæði Vöku hf. að Héðingsgötu 2,
- umsókn um starfsleyfi fyrir bílapartasölu Vöku hf. að Héðingsgötu 2,
- umsókn um starfsleyfi fyrir véla og bifreiðaverkstæði Vöku hf. að Héðingsgötu 2,
- umsókn um starfsleyfi fyrir *úrvinnslu bifreiða* Vöku hf. að Héðingsgötu 2.

Í erindi Vöku hf. dags. 9. júlí sl. er þess óskað að umsóknirnar fylgi fyrri ósk um undanþágu frá kröfu um starfsleyfi. Ráðuneytið lítur svo á að í erindinu felist beiðni um undanþágu frá kröfu um starfsleyfi fyrir hverja umsókn fyrir sig og mun því afgreiða hverja og eina undanþágubeiðni fyrir sig.

Hér er tekin til afgreiðslu beiðni um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir *úrvinnslu bifreiða* Vöku hf. að Héðinsgötu 2 í Reykjavík.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt skv. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé m.a. komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar, sbr. 1. máls. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur þann 1. júlí sl. Sama dag var erindið sent skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar til umsagnar.

Umsögn barst frá Umhverfisstofnun með bréfi, dags. 8. júlí sl. Þann 9. júlí sl. sendi ráðuneytið viðbótarupplýsingar Vöku hf. til Umhverfisstofnunar. Í kjölfarið eða þann 13. júlí sl. óskaði stofnunin eftir því að fá frest til að skoða viðbótarupplýsingarnar og meta hvort þörf væri á nýrri umsögn. Ný umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 16. júlí sl. Þar segir að í upprunalegri beiðni umsækjenda frá 1. júlí sl. komi fram að Vaka hf. sækji um undanþágu frá kröfu um starfsleyfi vegna reksturs félagsins að Héðinsgötu 2 í Reykjavík, til loka árs 2021, í samræmi við upphaflegt starfsleyfi. Þann 8. júlí sl. sendi Umhverfisstofnun ráðuneytinu umsögn um beiðni umsækjenda þar sem tekið er fram að stofnunin telji að ekki séu fram komnar nógu ríkar ástæður til þess að veita undanþágu frá starfsleyfi í þessu tilviki og að þvert á móti mæli ríkir almannahagsmunir með því að starfsleyfisútgáfa fylgi lögmætu ferli. Fyrirtækið hafi sótt um undanþágu frá kröfu um starfsleyfi fyrir óbreyttri starfsemi, sbr. orðalagið „í samræmi við upphaflegt starfsleyfi“ sem fellt hafi verið úr gildi af Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Samkvæmt niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar samræmist umrædd starfsemi hvorki landnotkun svæðisins samkvæmt skipulagsreglugerð né skipulagsskilmálum, hvort sem litið sé til Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 eða gildandi deiliskipulags, eins og áskilið sé í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Þann 9. júlí sl. hafi viðbótarupplýsingar, ásamt afriti af fjórum umsóknum um starfsleyfi, dags. 7. júlí sl. borist frá umsækjanda. Þar hafi verið tekið fram að í stað þess að óska eftir undanþágu frá starfsleyfi „í samræmi við upphaflegt starfsleyfi“ hafi umsækjandi sótt um fjögur ný starfsleyfi fyrir rekstrinum. Umhverfisstofnun bendi á að skilyrði fyrir því að undanþága sé veitt frá kröfu um starfsleyfi sé í fyrsta lagi að fullnægjandi starfsleyfisumsókn hafi borist útgefanda starfsleyfis og í öðru lagi að rík ástæða mæli með því að hún sé veitt. Samkvæmt upplýsingum frá heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur bárust umræddar umsóknir um starfsleyfi þann 15. júlí sl. starfsleyfin hafi verið auglýst samdægurs og frestur til að skila athugasemdum og ábendingum sé til 13. ágúst nk. Umsækjandi hafi í upphaflegri umsókn sinni um undanþágu frá starfsleyfi fært rök fyrir því að miklir viðskiptahagsmunir séu í húfi fyrir félagið og hagsmunaaðila þess. Umhverfisstofnun telji að með uppstokkun starfseminnar og umsókn um fjögur starfsleyfi í stað eins, hafi forsendur breyst frá fyrri umsögn stofnunarinnar. Stofnunin telji að ekki séu fram komnar nógu ríkar ástæður til þess að veita undanþágu frá starfsleyfi fyrir úrvinnslu bifreiða þar sem sá hluti starfseminnar samræmist ekki landnotkun svæðisins að mati úrskurðarnefndarinnar.

Umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur barst ráðuneytinu með tölvupósti þann 23. júlí sl. Í umsögninni kemur fram að nefndin hafi þann 13. júlí sl. móttengið fjórar umsóknir Vöku hf. um starfsleyfi ásamt fylgigögnum en m.a. hafi verið sótt um starfsleyfi fyrir móttöku á úrgangi, nánar tiltekið móttöku á bílum til úrvinnslu fyrir endurvinnslu eða förgun. Nefndin meti umsóknina fullnægjandi og tillaga að starfsleyfi hafi verið sett í auglýsingu á vefsvæði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 15. júlí sl. Úttekt vegna umsóknarinnar hafi farið fram þann 21. júlí sl., sbr. eftirlitsskýrslu sem fylgdi umsögn heilbrigðisnefndarinnar. Fram kemur að nefndin stefni að því að ljúka afgreiðslu umsóknanna eins fljótt og hægt sé en vinnsluhraði muni að nokkru ráðast af fjölda athugasemda við tillögur að starfsleyfi og að skilyrði í umsögn byggingarfulltrúa verði uppfyllt. Vegna umsóknanna hafi nefndin leitað umsagna skipulagsfulltrúa Reykjavíkur og byggingarfulltrúans í Reykjavík um það hvort starfsemin væri í samræmi við skipulag og heimila notkun húsnæðis. Í umsögn skipulagsfulltrúa séu athugasemdir gerðar við móttökustöð fyrir úrgang eða móttöku á bílum til úrvinnslu og sé sú starfsemi ekki talin í samræmi við skipulag. Byggingarfulltrúi veiti neikvæða umsögn vegna móttökustöðvar fyrir úrgang þar sem starfsemin samræmist ekki skipulagi. Í erindi Vöku hf. til ráðuneytisins séu raktar ástæður fyrirtækisins fyrir beiðninni. Nefndin telji að ekki hafi verið sýnt fram á brýnar ástæður fyrir veitingu undanþágu frá starfsleyfi fyrir móttöku úrgangs, þ.e. móttöku bifreiða til úrvinnslu og leggst gegn veitingu hennar þar sem móttökustöðvar fyrir úrgang og móttaka bifreiða til úrvinnslu sé ekki í samræmi við landnotkun.

Umsögn skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar, dags. 20. júlí sl. barst ráðuneytinu með tölvupósti 21. júlí sl. Fram kemur að skipulagsfulltrúi hafi veitt Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur umsögn, dags. 20. júlí sl. Í umsögninni segir að í gildi sé Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 26. nóvember 2013 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 26. febrúar 2014. Samkvæmt aðalskipulaginu sé Héðinsgata 2 á svæði skilgreint sem M18, Köllunarklettur. Á svæði M18, Köllunarklettur sé einkum að finna skrifstofur, ýmsa þjónustu og léttan iðnað auk íbúða. Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, sbr. b-lið í gr. 6.2., sé landnotkunarflokkurinn miðsvæði skilgreindur svo: „*Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.*“ Samkvæmt reglugerðinni sé gert ráð fyrir léttum iðnaði á athafnasvæðum. Um þann landnotkunarflokk segi í e-lið í gr. 6.2. að það sé svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta sé á mengun, svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Í f-lið sama reglugerðarákvæðis sé iðnaðarsvæði skilgreint sem svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem talin er geta haft mengun í för með sér og séu þar m.a. taldar upp endurvinnslustöðvar, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni. Í gildi sé deiliskipulag fyrir Klettasvæði samþykkt í borgarráði 26. október 1999 ásamt síðari breytingum. Í deiliskipulaginu fyrir reitinn sé gert ráð fyrir léttum iðnaði, vörugeymslum, skrifstofum og þjónustustarfsemi. Í aðalskipulagi sé auk þess gert ráð fyrir að þar muni rísa íbúðabyggð. Fyrir lóð nr. 2 við Héðinsgötu sé sérstaklega tiltekið að starfsemin þar sé umbúðaframleiðsla með vörugeymslum og þjónustu. Heimild sé í aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir léttan iðnað á lóðinni og einnig sé heimil þjónusta samkvæmt deiliskipulagi. Í niðurlagi úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 15/2021 sé vikið að heimilaðri starfsemi á lóðinni. Í gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið komi fram í sérstökum skilmálum og skýringum að á umræddri lóð sé gert ráð fyrir umbúðaframleiðslu, vörugeymslum og þjónustu og telji úrskurðarnefndin að gildandi skipulagsskilmálar leggi hömlur á þá starfsemi sem fram geti farið á skipulagssvæðinu og falli hin umdeilda starfsemi því ekki að skilmálum gildandi deiliskipulags. Á þeim grundvelli hafi starfsleyfið verið fellt úr gildi sem náði yfir móttökustöð fyrir úrgang, auk starfsemi bílapartasölu, bifreiða- og vélaverkstæði og hjólbarðaverkstæði að Héðinsgötu 2. Heimild sé í aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir léttan iðnað á lóðinni og einnig sé heimil verslun og þjónusta samkvæmt deiliskipulagi. Telji úrskurðarnefndin að hluti starfseminnar sem feli í sér móttöku og úrvinnslu úr

sér genginna bifreiða falli ekki undir það að vera léttur iðnaður. Niðurstaða skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar sé sú að móttökustöð fyrir úrgang sé ekki í samræmi við skipulagsskilmála og því sé gerð athugasemd við þá starfsemi á lóð Héðinsgötu 2 í Reykjavík.

Við meðferð málsins hafa ráðuneytinu borist ábendingar og athugasemdir frá íbúum í Laugarnesi.

Þann 16. júlí sl. sendi Ásdís G. Þorsteinsdóttir íbúi í Laugarnesi í samriti til ráðuneytisins og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur athugasemdir við tillögu að starfsleyfi fyrir Vöku hf. að Héðinsgötu 2 vegna starfsemi móttökustöðvar fyrir úrgang, þ.e. móttöku á bílum til úrvinnslu, og óskar félagsins um undanþágu frá starfsleyfi. Í erindinu er bent á að í niðurstöðum úrskurðar Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 25. júní sl. í máli nr. 15/2021, um ógildingu starfsleyfis Vöku hf. segi m.a. að hluti þeirrar starfsemi sem um ræðir feli í sér móttöku og úrvinnslu úr sér genginna bifreiða. Þannig sé m.a. úrgangur úr bílum, s.s. spilliefni, flokkaður og sendur til förgunar. Ekki sé því hægt að telja að hin umþrætta starfsemi geti talist vera léttur iðnaður í skilningi gildandi aðalskipulags, enda verði að skýra það hugtak í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar. Starfsemin hafi í för með sér mengunarhættu og ekki sé hægt að fallast á að hún sé hreinleg og geti hún því ekki fallið undir landnotkunarflokkinn miðsvæði, eins og hann er skilgreindur í skipulagsreglugerð. Jafnframt samræmist starfsemin hvorki landnotkun svæðisins samkvæmt skipulagsreglugerð né skipulagsskilmálum, hvort sem litið sé til Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 eða gildandi deiliskipulags, eins og áskilið sé í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Íbúinn vísar enn fremur til þess að skv. 6. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála séu úrskurðir nefndarinnar fullnaðarúrskurðir á stjórnarsýslustigi. Af framangreindum ástæðum sé óheimilt að veita umrætt starfsleyfi og því sé lagst alfarið gegn tillögunni og mælst til þess að umsókninni verði hafnað. Af sömu ástæðu sé óheimilt að veita undanþágu frá starfsleyfi í þessu tilviki.

Í tölvupósti frá íbúa, dags. 23. júlí sl. er vísað til þess að skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar geri ekki skipulagslegar athugasemdir við starfsemi fyrir bílapartasölu, bifreiða- og vélaverkstæði og hjólbarðaverkstæði. Bent er á að starfsemi bílapartasölnnar og bifreiða- og vélaverkstæði sé hluti af úrvinnsluferli fyrirtækisins eins og komi fram í greinargerðum Vöku hf. sem fylgja með umsóknum um starfsleyfi. Íbúar hafi áhyggjur af því að hér sé stjórnarsýslan að finna leið fyrir fyrirtækið til að starfa óbreytt áfram í Héðinsgötu 2 með því að hafna leyfi um móttökustöð, en gefa grænt ljós á hin þrjú starfsleyfin. Íbúar hafi orðið vitni að því að frá því að úrskurðurinn hafi verið kveðinn upp að fyrirtækið hafi verið og sé enn að vinna við úrvinnslu bíla, bílaparta og járnss frá ökutækjum á lóðinni. Með því að leyfa bílapartasölu, bifreiða- og vélaverkstæði og hjólbarðaverkstæði sé verið að greiða leið fyrirtækisins til að starfa óbreytt áfram þrátt fyrir að starfsemin falli ekki undir léttan iðnað og samræmist ekki skipulagi svæðisins. Ekki megi sjá hvernig hægt sé að vinna við úrvinnslu bíla án þess að tekið sé á móti efninu á einn eða annan hátt. Íbúar hafi staðið í ströngu frá því í ársbyrjun 2020 og ítrekað komið á framfæri kvörtunum og bent á að starfsemin eigi ekki heima á þessu svæði svo nálægt íbúabyggð. Það yrði mikið áfall fyrir íbúa ef undanþága fengist frá ráðherra eftir allt sem á undan er gengið.

Skilyrði fyrir veitingu undanþágu frá starfsleyfi eru m.a. að fram sé komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og að ríkar ástæður mæli með undanþágunni. Ákvörðun Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um að veita tímabundið starfsleyfi fyrir Vöku hf. að Héðinsgötu 2 í Reykjavík var felld úr gildi með úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 25. júní 2021, þar sem umrædd starfsemi samræmist hvorki landnotkun svæðisins samkvæmt skipulagsreglugerð né skipulagsskilmálum, sbr. kröfu í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hefur borist umsókn um starfsleyfi frá Vöku hf. fyrir starfsemi móttökustöðvar fyrir úrgang, þ.e. móttöku á bílum til úrvinnslu, að Héðinsgötu 2 í Reykjavík, metið fyrirbyggjandi starfsleyfisumsókn fullnægjandi og auglýst starfsleyfistillögur á vefsíðu sinni. Starfsemi móttökustöðvarinnar var hluti af heildarstarfsleyfi Vöku hf. að Héðinsgötu 2 sem fellt var úr gildi með fyrrgreindum úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem hluti starfseminnar samræmist ekki aðalskipulagi svæðisins. Í framangreindri umsögn skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar til ráðuneytisins kemur fram að starfsemi móttökustöðvar fyrir úrgang sé ekki í samræmi við skipulagsskilmála. Þar sem starfsemin samræmist ekki landnotkun

svæðisins, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, áformar ráðuneytið að hafna beiðni Vöku hf. um undanþágu frá starfsleyfi fyrir móttökustöð fyrir úrgang, þ.e. móttöku á bílum til úrvinnslu. Hafi Vaka hf. athugasemdir við fyrirhuguð áform ráðuneytisins er óskað eftir því að þær berist ráðuneytinu eigi síðar en 16. ágúst nk. Hafi athugasemdir ekki borist ráðuneytinu innan þess frests má gera ráð fyrir að framangreindri beiðni um undanþágu verði hafnað.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Trausti Ágúst Hermannsson

Afrit:

Umhverfisstofnun

Heilbrigðisnefnd_Reykjavíkur

Skipulagsfulltrúi_Reykjavíkurborgar

Ásdís_G_Þorsteinsdóttir

Andrea_F_Jónsdóttir



Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með starfseminni.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hættu af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.11 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



- 1.12 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfsemi óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

3. Meðferð hættulegra efna

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hættu af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram.



- Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
 - 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
 - 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
 - 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
 - 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
 - 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
 - 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.

5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lykta eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífheldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í gr. 41. í rgl. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rgl. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, rgl. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rgl. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rgl. 787/1999 um loftgæði, rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rgl. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rgl. 798/1999 um fráveitur og skólþ, rgl. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rgl. 804/1999 um varnir gegn



mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rgl. 809/1999 um olíuúrgang.

6. Eigið eftirlit og skráningar

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
 - Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
 - Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

7 Starfsemi hætt

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.

Reykjavík 5.7.2021.

Greinargerð um breytingar á aðstöðu og starfsháttum í Vöku hf., björgunarfélagi.

Formáli.

Vaka hf., björgunarfélag hefur undanfarið ár lagt áherslur á breytta ferla, aukið hreinlæti og aukin afköst. Mikil breyting hefur orðið á verkferlum innan fyrirtækisins og er stefna félagsins er að koma á samþykktu gæðakerfi. Gámar hafa verið fjarlægðir af lóðarmörkum til að laga ásýnd svæðisins eins og nágrannar höfðu óskir um. Því miður voru flutningar félagsins að Héðingsgötu 2 um áramótin 2019-2020 ekki nægulega vel skipulagðir og uppsetningin utandyra og skipulag var verulega ábótavant. Í ljósi þessa er skiljanlegt að nágrannar hafi brugðist við og mótmælt starfseminni. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) gerði í kjölfarið margar athugasemdir við starfsemina. Í febrúar 2021 kærðu nágrannar ákvörðun HER um að veita Vöku starfsleyfi til Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála (ÚUA). Í lok júní 2021 felldi ÚUA úr gildi ákvörðun HER um að veita Vöku starfsleyfi. Það leiddi til þess að fyrirtækið þurfti að stoppa starfsleyfisskylda starfsemi sína fyrirvaralaust. Vaka telur úrskurðinn rangan og að sú starfsemi sem félagið starfrækir teljist til léttis iðnaðar. Verið er að meta lagaleg úrræði vegna úrskurðarins með lögmönnum félagsins. Vaka bendir einnig á að úrskurðurinn byggir á starfsemi sem látið hefur verið af og hefur starfseminni sem nú er sótt um starfsleyfi fyrir verið gjörbreytt frá því sem áður var. Í úrskurðinum var vikið að kvörtunum nágranna á sínum tíma en ekkert að því hvernig starfsemin er í dag. Starfsemin í fer nú öll fram innandyra sem gerir það að verkum að unnt er að afstýra mengunarslysum. Að mati Vöku er því ekki mengun af starfseminni í dag og því skilyrði um léttan iðnað uppfyllt. Vaka bendir einnig á að áður starfaði Olís á sama svæði en að mati Vöku stafaði mun meiri mengunarbætt af þeirri starfsemi. Það er ekki ætlun vöku að starfrækja félagið á Héðingsgötu til framtíðar en fyrirætlanir eru um að úrvinnslan og bílapartasalan verði flutt á lóð félagsins í Hafnarfirði sem fyrst og önnur starfsemi á eftir. Með hliðsjón af framangreindu sækir Vaka að nýju um starfsleyfi.

Hér að neðan má sjá á myndum þær breytingar sem búið er að framkvæma.

Geymslusvæði í norðaustuhorni lóðar.

Á þessu svæði voru bifreiðar á allt að fjórum hæðum á leið í úrvinnslu á óafgirtu svæði. Verkferlar fyrirtækisins í dag banna slíka stöflun bifreiða og er svæðið eingöngu notað sem geymslusvæði fyrir vörslubifreiðar.

Myndir teknar vorið 2020



Myndir teknar 27. október 2020



Port.

Í porti suðvestanmegin var bílum staflað upp á margar hæðir, mynd tekin vorið 2020.



Mynd með sama sjónarhorni tekin í júlí 2021



Mynd tekin vorið 2020



Mynd tekin með sama sjónarhorni í júlí 2021



Í porti suðvestanmegin var bílum staflað upp á margar hæðir, mynd tekin í maí 2020.



Mynd tekin 27 október 2020. Þessir gámar voru teknir í desember 2020.




Mynd tekin með sama sjónarhorni í júlí 2021



Sýslumannsuppboð.

Vegna Covid 19 þá gekk erfiðlega fyrir Sýslumanninn á höfuðborgarsvæðinu að halda uppboð í samstarfi við Vöku. Þar af leiðandi var farið að þrengja að húsakynnum félagsins en það hefur breyst til batnaðar eftir tvö uppboð í mars og júní 2021. Þar á undan var haldið uppboð í júní 2020. Þann 9. júlí 2021 verður svo haldið sýslumannsuppboð sem gerir það að verkum að búið er að losa alla þá bíla sem söfnuðust upp vegna Covid 19 vandræða.



Lóðamörk:

Vegna athugasemdar HER árið 2020 um að Vaka sé komin út fyrir lóðamörk, þá tók Vaka ákvörðun um að taka þá gáma sem eru fyrir utan lóðarmörk til að bæta ásýnd fyrirtækisins. Mynd tekin í desember 2020.



Mynd tekin í júlí 2021



Hreinlæti og aðkoma:

Ásýnd félagsins hefur batnað til muna, búið er að taka alla gáma af lóðarmörkum. Mynd tekin 14. desember 2020.



Mynd tekin í júlí 2021



Búið er að taka alla gáma og setja látlausa girðingu í staðinn.

Mynd tekin í desember 2020



Mynd tekin í júlí 2021



Mynd tekin í desember 2020



Mynd tekin í júlí 2021



VAKA hf.
Héðingsgötu 2, 105 Reykjavík
Sími: 567-6700 // www.vaka.is

VAKA

Virðingarfyllst,



Reynir Þór Guðmundsson

Framkvæmdastjóri

Reykjavík 05.07.2021.

Greinagerð vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir bílapartasölu Vöku hf. að Héðingsgötu 2.

Aðstaða:

Móttaka viðskiptavina er í verslun, lagerhald er í hillum/ rekkum í norðvesturhluta MLH15. Engir varahlutir eru geymdir utandyra. Hjólbarðar sem eru hæfir til endursölu fara í lokaða gáma utandyra. Allir varahlutir sem teknir eru úr úrvinnslu til endursölu eru þvegnir í umhverfisvænu þvottakari (Biological parts washer) frá Ecomar (sjá fylgiskjal í viðhengi) ef þörf er á. Varahlutir eru merktir á viðeigandi hátt svo auðvelt sé að skoða rekjanleika þeirra. Varahlutir eru teknir úr bílum ýmist á verkstæðinu eða í úrvinnslunni.

Helsti úrgangur frá bílapörtum er:

- Málmar, fara í málmagáma sem staðsettir er utandyra
- Almennt rusl, pappi og plast sem fer í sorpgáma (600ltr kór) fyrir utan hús.
- Olía og spilliefni: Ef þessi efni fara á gólfíð þá eru þau hreinsuð með Toucan Pack frá Ecomar (sjá fylgiskjal í viðhengi).
- Þvottur/ hreinsun varahluta: Notaðir varahlutir eru þrifnir í umhverfisvænu þvottakari (Biological parts washer) frá Ecomar (sjá fylgiskjal í viðhengi).
- Úrgangsolía fer í sérstakan olúgám sem er svo tæmdur reglulega.
- Rafgeymar til förgunar eru geymdir í merktum plastkörum og eru svo sendir til endurvinnsluaðila hér á landi eða erlendis.

Haldið er utanum skráningu á spilliefnum.

Umfang:

Bílapartar eru hluti af endurnotkun á varahlutum sem koma úr bílum á leið í úrvinnslu. Þær bifreiðar geta komið úr hreinsun sveitafélaga, einkastæðisbifreiðar sem eigendur ákveða að láta í úrvinnslu frekar en að leysa út, einkastæðisbifreiðar sem Vaka kaupir á sýslumannsuppboði eða bifreiðar sem eigendur vilja láta í úrvinnslu hvort sem Vaka sækir þær eða komið er með þær á starfstöð félagsins. Varahlutir eru ekki alltaf teknir úr bifreiðum, það fer eftir eftirspurn viðskiptavina. Úr sumum bifreiðum er tekið mikið af varahlutum á meðan á öðrum ekkert. Vaka kaupir ekki sérstaklega bíla til að rífa í varahluti. Ekki er því aukning á umfangi fyrirtækisins í heild vegna bílaparta.

Öryggismál:

Í húsnæðinu er innbrotts- og brunakerfi sem tengt er við stjórnstöð Securitas. Einnig eru öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður með ábyrgð á að framkvæma eigið eldvarnareftirlit mánaðarlega.

Örugg Verkfræðistofa sá um hönnun brunavarna í húsnæðinu og var 98 blaðsíðna skýrsla send byggingafulltrúa Reykjavíkurborgar. Í þeirri skýrslu er áætlun um endurbætur á brunavörnum á Héðingsgötu 2 og hefur Forvarnarsvið slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins samþykkt hana, síðasta atriðið í þeirri áætlun skal vera lokið 1. október 2021 (sjá skýrslu í viðhengi).

Skráning atvika: Vaka hf. leggur mikla áherslu á að öll atvik er koma upp séu skráð, óskað hefur verið eftir því við tryggingafélag fyrirtækisins VÍS að fá aðgengi að atvikaskráningarkerfi sem þeir bjóða upp á fyrir viðskiptavinum sínum. Öryggisfulltrúar framkvæma eigið eldvarnareftirlit mánaðarlega. Ef slys eða óhöpp verða þá er skilað inn skýrslum til Vinnueftirlit Ríkisins og Sjúkratrygginga Íslands.

Mengunarvarnir fráveitu:

Lítill hættu er af mengun af niðurrifi bifreiða, ef einhverra hluta vegna olía eða aðrir vökvar fara á gólf þá yrðu þeir fjarlægðir jafnóðum af gólfum með Toucan Pack frá Ecomar (sjá fylgiskjal í viðhengi). Við þvott á gólfum er notuð umhverfisvæn sápa sem hlutleysir olíu og má fara í niðurfall (Biosativa frá CCM GmbH, sjá fylgiskjal).

Haldin verður skrá yfir öll atvik þar sem mikill spillivökvi fer niður og viðbrögð skráð, einnig verða mengunaráhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu tilkynnt Heilbrigðiseftirlitinu.

Innra eftirlit


Vaka hf. mun hafa reglulegt eftirlit með umhverfismálum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið og eru skráningar þess aðgengilegar eftirlitsaðilum.

Umsögn um endurnýjum á starfsleyfi fyrir Vöku hf. Héðinsgötu 2, bílapartasala.

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. júlí 2021 var lagður fram tölvupóstur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 15. júlí 2021, þar sem óskað er umsagnar skipulagsfulltrúa um starfsleyfi Vöku hf. fyrir bílapartasölu. Einnig lögð fram greinargerð vegna umsóknar um starfsleyfi dags. 5. júlí 2021 og greinargerð um breytingar á starfsemi Vöku dags. 5. júlí 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júlí 2021.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030



Deiliskipulag

Um er að ræða umsókn um endurnýjun starfsleyfis til 31.12.2023 og er óskað eftir umsögn skipulagsfulltrúa um hvort starfsemin sé í samræmi við skipulag. Fyrra starfsleyfi, gefið út 2.2.2021 með gildistíma til 31.12.2021 var fellt úr gildi með úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála 25. júní 2021, mál nr. 15/2021, á þeim grundvelli að starfsemin félli ekki að skilmálum deiliskipulagsins.

Til upplýsingar hefur Vaka hf. nú sótt um fjögur starfsleyfi þ.e. sérstakt starfsleyfi fyrir hvern starfsleyfisskyldan hluta starfseminnar (móttökustöð fyrir úrgang, bílapartasala, bifreiða- og vélaverkstæði og hjólbarðaverkstæði) en áður var öll starfsemin á einu starfsleyfi HER.

Óskað er umsagnar skipulagsfulltrúa, og einnig byggingarfulltrúa, fyrir hverja starfsleyfis umsókn fyrir sig.

Skipulagsleg staða

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 26. nóvember 2013 og birt í B-deild stjórnartíðinda 26. febrúar 2014. Samkvæmt aðalskipulaginu er Héðinsgata 2 á svæði skilgreint sem M18, Köllunarklettur. Á svæði M18, Köllunarklettur er einkum að finna skrifstofur, ýmsa þjónustu og léttan iðnað auk íbúða.

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, sbr. b-lið í gr. 6.2., er landnotkunarflokkurinn miðsvæði skilgreindur svo: „Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnáslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.“

Samkvæmt reglugerðinni er gert ráð fyrir léttum iðnaði á athafnasvæðum, en um þann landnotkunarflokk segir í e-lið í gr. 6.2. að það sé svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta sé á mengun, svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir.

Í f-lið sama reglugerðarákvæðis er iðnaðarsvæði skilgreint sem svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem sé talin geta haft mengun í för með sér og eru þar m.a. taldar upp endurvinnslustöðvar, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

Í gildi er deiliskipulag fyrir Klettasvæði samþykkt í borgarráði 26. október 1999 ásamt síðari breytingum. Í deiliskipulaginu fyrir reitinn er gert ráð fyrir léttum iðnaði, vörugeymslum, skrifstofum og þjónustustarfsemi. Í aðalskipulagi er auk þess gert ráð fyrir að þar muni rísa íbúðabyggð. Fyrir lóð nr. 2 við Héðinsgötu er sérstaklega tiltekið að starfsemin þar sé umbúðaframleiðsla með vörugeymslum og þjónustu.

Umsögn:

Í niðurlagi úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 15/2021 er vikið að heimilaðri starfsemi á lóðinni. Í gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið kemur fram í sérstökum skilmálum og skýringum að á umræddri lóð sé gert ráð fyrir umbúðaframleiðslu, vörugeymslum og þjónustu og telur úrskurðarnefndin að gildandi skipulagsskilmálar leggi hömlur á þá starfsemi sem fram geti farið á skipulagssvæðinu og falli hin umdeilda starfsemi því ekki að skilmálum gildandi deiliskipulags. Á þeim grundvelli var starfsleyfið fellt úr gildi sem náði yfir móttökustöð fyrir úrgang, auk starfsemi bílapartasölu, bifreiða- og vélaverkstæði og hjólbarðaverkstæði að Héðinsgötu 2.

Heimild er í aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir léttan iðnað á lóðinni og einnig er heimil þjónusta samkvæmt deiliskipulagi. Bílapartasala flokkast sem léttur iðnaður og einnig undir hugtakið þjónusta og rúmast því innan gildandi deiliskipulags. Því eru ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir við starfsemi bílapartasölu og geymslu varahluta við Héðinsgötu 2 og tekið jákvætt í endurnýjun starfsleyfis fyrir bílapartasölu.

Áréttað er mikilvægi snyrtimennsku starfseminnar, bæði úti og inni af tillitsemi við starfsmenn, íbúa og viðskiptavini.

Bent er á Vöku hf. á að í almennum skipulagsskilmálum í gildandi deiliskipulagi að miðað sé við landnotkun í vörudreifingu og vörugeymslum og verði breyting þar á skuli sérstaklega um það sótt til hafnarstjórnar, sem nú er Faxaflóahafnir.

F.h. Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Erna Hrönn Geirsdóttir, lögfræðingur hjá skrifstofu sviðsstjóra

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, sérfræðingur

Starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum.

Starfsleyfisskilyrði fyrir bílapartasölur

1. Almenn ákvæði og gildissvið

1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur bílapartasala þar sem fram fer niðurrif vélknúinna farartækja. Um starfsemina gildir einnig reglugerð nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja og almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi.

1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.

1.3 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

1.4 Áður en rekstur fyrirtækisins hefst skal liggja fyrir samþykki byggingarnefndar um lóðarnýtingu, gerð bílastæða, girðingar og afmörkun og gerð geymslusvæða. Lausamuni er fylgja starfseminni skal geyma innan dyra. Heimilt er þó að geyma stærri hluti á sérstaklega afmörkuðu svæði enda sé tryggt að þeir smiti ekki olíu né séu til lýta í umhverfi.

2. Ásýnd lóðar og lóðarmörk

2.1 Fyrirtækið skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.

2.2 Svæðið þar sem starfsemin fer fram skal vera afgirt og læst utan afgreiðslutíma.

2.3 Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílhrað, bílhluti og annan úrgang á lóð þannig að snúi að almannaferi, valdi slysaheytu eða lýtum á umhverfi. Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.

2.4 Bifreiðar, þungavinnutæki eða annað sem bíður niðurrifs skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæðifyrirtækisins. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.

3. Mengunarvarnir

3.1 Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.

3.2 Svæðið þar sem starfsemin fram skal vera með ógegndræpu yfirborði, malbikuðu eða steypu, og afrennsli tengt olúskilju og/eða sandfangi. Stærð, gerð og staðsetning olúskilju skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingafulltrúa.

3.3 Söfnunarþrær, þ.e. olúskiljur, sandföng og ristar, skulu athugaðar og tæmdar reglulega. Hafa skal reglubundið eftirlit með olúskilju og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.

3.4 Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur, olíur eða olíuefni, fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvíst eða sag.

3.5 Geymsla skal vera á staðnum fyrir varahluti sem hafa verið fjarlægðir úr ökutækjum, þar með talið lekahelt rými fyrir varahluti sem eru olúmengaðir.

3.6 Hentug ílát skulu vera til staðar til geymslu á rafgeymum.

3.7 Vökvar, s.s. eldsneyti, smurolía, gír- og drifolía, vökvakerfisolía, kælivökvar, ísvari, hemlavökvar og aðrir vökvar sem fyrirfinnast í ökutækjum skal geyma í vökvaheldum ílátum.

3.8 Hentug geymsla skal vera fyrir notaða hjólbarða. Gera skal fyrirbyggjandi ráðstafanir gegn eldhættu.

3.9 Halda skal notkun olúhreinisefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota sápuefni og/eða olúhreinsa sem hæfa olúgildrum.

4. Geymsla á olíu og olíuefnum

4.1 Staðsetja skal tanka og tunnur fyrir geymslu olíuefna, þ.m.t. úrgangsolíu, í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli, á svæði sem tengt er olíuskilju eða á annan þann hátt sem heilbrigðiseftirlit samþykkir.

5. Spilliefni og annar úrgangur

5.1 Spilliefnum skal skila til viðurkenndrar móttökustöðvar. Til spilliefna teljast m.a. notaðar, ópressaðar olíusúur, úrgangsolía, rafgeymar og frostlögur. Þurrum, pressuðum olíusúum má skila með öðrum málmúrgangi.

5.2 Ganga skal þannig frá olíusmituðum úrgangi þar til honum er fargað að ekki sé hætt á mengun.

5.3 Rekstraraðila ber að koma olíumenguðum jarðvegi til viðurkenndra móttökuaðila þegar í stað.

5.4 Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.

5.5 Halda skal nákvæma skrá yfir skil á spilliefnum svo og tæmingu á sandfangi og olúgildru. Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.

5.6 Senda skal útfyllt eyðublað skv. II viðauka reglugerðar nr.303/2008 um úrvinnslu ökutækja fyrir 1. mars ár hvert þar sem gerð er grein fyrir fjölda úr sér genginna ökutækja sem tekið var á móti á almannaks ári þar á undan, heildarþyngd þeirra, hreinsun og sundurhlutun. Tilgreina skal hvaða efni voru hreinsuð úr ökutækum og hvernig úrgangi var ráðstafað.

Samþykkt í Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur 12. nóvember 2009.

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR bílapartasölur og skyldan rekstur

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur bílapartasölur og skyldan rekstur þar sem fram fer niðurrif vélknúinna farartækja.	550/2018 5. gr.	
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkt notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4	Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	
1.5	Áður en heimilaður er rekstur partasölu eða verkstæðis þar sem niðurrif bíla eða tækja á að fara fram skal liggja fyrir samþykki byggingarnefndar um lóðarnýtingu, gerð bílastæða, girðingar og afmörkun og gerð geymslusvæða. Lausamuni er fylgja starfseminni skal geyma innan dyra. Heimilt er þó að geyma stærri hluti á sérstaklega afmörkuðu svæði enda sé tryggt að þeir smiti ekki olú né séu til lýta í umhverfi.	550/2018 og rgl. nr. 112/2012	

2. ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐAMÖRK

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	550/2018 og rgl. nr. 112/2012	
2.2	Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílhrað, bílhluti og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannafæri eða valdi slyshættu. Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið	737/2003	

	heilum og þrifalegum.		
2.3	Bifreiðar, þungavinnutæki eða annað sem bíður niðurrifs skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	

3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	
3.2	Hafa skal olúgildru á frálögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðisnefnd og byggingafulltrúa.	798/1999 5. gr.	
3.3	Halda notkun olúhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota umhverfisvæn sápu efni og/eða olúhreinsa sem hæfa olúgildrum.	sbr. ákvæði 1.3 og 1.4 í fylgiskjali með auglýsingu nr. 582/2000	
3.4	Hafa skal reglubundið eftirlit með olúgildrum og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar. Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur, olíur eða olúefni, fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s., blautsugu, tvist eða sag.	798/1999 5. gr.	
3.5	Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olúgildru.	798/1998 5. gr.	

4. GEYMSLA Á OLÍU OG OLÍUEFNUM

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Staðsetja skal tanka og tunnur undir olúefni þ.m.t. úrgangsolú í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihald berist ekki í niðurföll. Ef olúefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir.	sbr. gr. 3.5 í fylgiskjali með auglýsingu nr. 582/2000	

5. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Notaðar, ópressaðar olíusíur, úrgangsolía, rafgeymar og frostlögur teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Þurrum, pressuðum olíusíum má skila með öðrum málmúrgangi.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	
5.2	Rekstraraðila ber að koma olíumenguðum jarðvegi til viðurkenndra móttökuaðila þegar í stað.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
5.3	Ganga skal þannig frá olúsmituðum úrgangi þar til honum er fargað að ekki sé hætt á mengun.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
5.4	Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
5.5	Halda skal nákvæma skrá yfir skil á spilliefnum svo og tæmingu á sandfangi og olúgildru. Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.	737/2003 og rgl. nr. 806/1999	

Starfsleyfisráðgjafi eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi og auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.



Juris-lögfræðiskrifstofa sf.
Bjarni Aðalgeirsson
Borgartúni 26
105 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 30. júlí 2021
Tilv.: UMH21070002/8.14

Ráðuneytið vísar til erindis Juris, f.h. Vöku hf. björgunarfélags, sem barst ráðuneytinu með bréfum dags. 1. júlí og 9. júlí sl.

Í erindinu er sótt um tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem ákvörðun Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um að veita Vöku hf. starfsleyfi fyrir móttökustöð fyrir úrgang, bílapartasölu, bifreiða- og vélaverkstæði og hjólbarðaverkstæði að Héðingsgötu 2 í Reykjavík var fellt úr gildi þann 25. júní sl. með úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Niðurstaða úrskurðarnefndar hafi byggst á því að móttaka úrgangs teldist ekki léttur iðnaður í skilningi aðalskipulags svæðisins. Í kjölfar úrskurðarins hafi Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur krafist þess, með bréfi dags. 28. júní sl. að starfsleyfisskyld starfsemi félagsins yrði stöðvuð. Í framangreindu erindi frá 1. júlí sl. er óskað eftir undanþágu frá kröfu um starfsleyfi, til loka árs 2021, í samræmi við upphaflegt starfsleyfi. Í erindinu kemur fram að afar ríkar ástæður mæli með því að veita Vöku hf. tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi. Félagið gegni afar mikilvægu hlutverki við endurvinnslu, endursölu og úrvinnslu bifreiða. Félagið hafi jafnframt nokkra sérstöðu þar sem það sé eina fyrirtækið sem sjái um að fjarlægja ökutæki úr einkastæðum á höfuðborgarsvæðinu og taka ökutæki í sínar vörslur að beiðni lögreglu. Félagið veiti jafnframt heilbrigðiseftirlitum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og nágrennasveitarfélaga þjónustu. Í ljósi hagsmuna félagsins og annarra sem hagsmuni hafi af rekstri félagsins séu því ríkar ástæður til að veita fyrirtækinu tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi svo að fyrirtækið hafi svigrúm til að leysa úr þeirri stöðu sem upp sé komin.

Í bréfi félagsins dags. 9. júlí sl. er vakin athygli á því að í stað þess leyfis sem úrskurðarnefnd hafi fellt úr gildi hafi verið sótt um fjögur ný starfsleyfi til heilbrigðisnefndar og fylgdu eftirfarandi umsóknir um starfsleyfi, ásamt greinargerðum, með bréfinu:

- umsókn um starfsleyfi fyrir dekkjaverkstæði Vöku hf. að Héðingsgötu 2,
- umsókn um starfsleyfi fyrir *bílapartasölu* Vöku hf. að Héðingsgötu 2,
- umsókn um starfsleyfi fyrir véla og bifreiðaverkstæði Vöku hf. að Héðingsgötu 2,
- umsókn um starfsleyfi fyrir úrvinnslu bifreiða Vöku hf. að Héðingsgötu 2.

Í erindi Vöku hf. dags. 9. júlí sl. er þess óskað að umsóknirnar fylgi fyrri ósk um undanþágu frá kröfu um starfsleyfi. Ráðuneytið lítur svo á að í erindinu felist beiðni um undanþágu frá kröfu um starfsleyfi fyrir hverja umsókn fyrir sig og mun því afgreiða hverja og eina undanþágubeiðni fyrir sig.

Hér er tekin til afgreiðslu beiðni um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir *bilapartasölu* Vöku hf. að Héðinsgötu 2 í Reykjavík. Í greinargerð Vöku hf. með umsókn um starfsleyfi fyrir bilapartasölu Vöku hf. kemur fram að móttaka viðskiptavina sé í verslun, lagerhald sé í hillum og rekkum, engir varahlutir séu geymdir utandyra og hjólbarðar sem séu hæfir til endursölu fari í lokaða gáma utandyra. Varahlutir sem teknir séu úr úrvinnslu til endursölu séu þvegnir í umhverfisvænu þvottakari eftir þörfum. Varahlutir séu teknir úr bílum ýmist á verkstæði félagsins eða í úrvinnslu. Bílapartar séu hluti af endurnotkun á varahlutum sem komi úr bílum á leið í úrvinnslu. Vaka kaupir ekki sérstaklega bíla til að rífa í varahluti.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt skv. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé m.a. komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar, sbr. 1. másl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur þann 1. júlí sl. Sama dag var erindið sent skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar til umsagnar.

Umsögn barst frá Umhverfisstofnun með bréfi, dags. 8. júlí sl. Þann 9. júlí sl. sendi ráðuneytið viðbótarupplýsingar Vöku hf. til Umhverfisstofnunar. Í kjölfarið eða þann 13. júlí sl. óskaði stofnunin eftir því að fá frest til að skoða viðbótarupplýsingarnar og meta hvort þörf væri á nýrri umsögn. Ný umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 16. júlí sl. Þar segir að í upprunalegri beiðni umsækjenda frá 1. júlí sl. komi fram að Vaka hf. sækir um undanþágu frá kröfu um starfsleyfi vegna reksturs félagsins að Héðinsgötu 2 í Reykjavík, til loka árs 2021, í samræmi við upphaflegt starfsleyfi. Þann 8. júlí sl. sendi Umhverfisstofnun ráðuneytinu umsögn um beiðni umsækjenda þar sem tekið er fram að stofnunin telji að ekki séu fram komnar nógu ríkar ástæður til þess að veita undanþágu frá starfsleyfi í þessu tilviki og að þvert á móti mæli ríkir almannahagsmunir með því að starfsleyfisútgáfa fylgi lögmætu ferli. Fyrirtækið hafi sótt um undanþágu frá kröfu um starfsleyfi fyrir óbreyttri starfsemi, sbr. orðalagið „í samræmi við upphaflegt starfsleyfi“ sem fellt hafi verið úr gildi af Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Samkvæmt niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar samræmist umrædd starfsemi hvorki landnotkun svæðisins samkvæmt skipulagsreglugerð né skipulagsskilmálum, hvort sem litið sé til Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 eða gildandi deiliskipulags, eins og áskilið sé í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Þann 9. júlí sl. hafi viðbótarupplýsingar, ásamt afriti af fjórum umsóknum um starfsleyfi, dags. 7. júlí sl. borist frá umsækjanda. Þar hafi verið tekið fram að í stað þess að óska eftir undanþágu frá starfsleyfi „í samræmi við upphaflegt starfsleyfi“ hafi umsækjandi sótt um fjögur ný starfsleyfi fyrir rekstrinum. Umhverfisstofnun bendi á að skilyrði fyrir því að undanþága sé veitt frá kröfu um starfsleyfi sé í fyrsta lagi að fullnægjandi starfsleyfisumsókn hafi borist útgefanda starfsleyfis og í öðru lagi að rík ástæða mæli með því að hún sé veitt. Samkvæmt upplýsingum frá heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur bárust umræddar umsóknir um starfsleyfi þann 15. júlí sl. starfsleyfin hafi verið auglýst samdægurs og frestur til að skila athugasemdum og ábendingum sé til 13. ágúst nk. Umsækjandi hafi í upphaflegri umsókn sinni um undanþágu frá starfsleyfi fært rök fyrir því að miklir viðskiptahagsmunir séu í húfi fyrir félagið og hagsmunaaðila þess. Umhverfisstofnun telji að með uppstokkun starfseminnar og umsókn um fjögur starfsleyfi í stað eins, hafi forsendur breyst frá fyrri umsögn stofnunarinnar. Stofnunin telur að ekki séu fram komnar nógu ríkar ástæður til þess að veita undanþágu frá starfsleyfi fyrir bilapartasölu og úrvinnslu bifreiða.

Umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur barst ráðuneytinu með tölvupósti þann 23. júlí sl. Í umsögninni kemur fram að nefndin hafi þann 13. júlí sl. móttakið fjórar umsóknir Vöku hf. um starfsleyfi ásamt fylgigögnum en m.a. hafi verið sótt um starfsleyfi fyrir. Nefndin meti umsóknina fullnægjandi og tillaga að starfsleyfi hafi verið sett í auglýsingu á vefsvæði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 15. júlí sl. Úttekt vegna umsóknarinnar hafi farið fram þann 21. júlí sl., sbr. eftirlitsskýrslu sem fylgdi umsögn heilbrigðisnefndarinnar. Fram kemur að nefndin stefni að því að ljúka afgreiðslu umsóknanna eins fljótt og hægt sé en vinnsluhraði muni að nokkru ráðast af fjölda athugasemda við tillögur að starfsleyfi og að skilyrði í umsögn byggingarfulltrúa verði uppfyllt. Vegna umsóknanna hafi nefndin leitað umsagna skipulagsfulltrúa Reykjavíkur og byggingarfulltrúans í Reykjavík um það hvort starfsemin væri í samræmi við skipulag og heimila notkun húsnæðis. Í umsögn skipulagsfulltrúa komi fram að starfsemi bílapartasölu sé í samræmi við landnotkun í skipulagi. Byggingarfulltrúi veitti einnig jákvæða umsögn fyrir bílapartasölu. Í erindi Vöku hf. til ráðuneytisins séu raktar ástæður fyrirtækisins fyrir beiðninni. Nefndin telji að ekki hafi verið sýnt fram á brýnar ástæður af umhverfislegum toga fyrir veitingu tímabundinnar undanþágu frá starfsleyfi fyrir starfsemi sem um sé að ræða starfsemi sem fleiri fyrirtæki sinna á höfuðborgarsvæðinu. Starfsemin hafi ekki þá sérstöðu út frá umhverfissjónarmiðum að það styðji erindi Vöku hf. um undanþágu frá starfsleyfi. Nefndin telji að ekki hafi verið sýnt fram á brýnar ástæður fyrir veitingu undanþágu frá starfsleyfi fyrir starfsemi en leggist þó ekki gegn veitingu hennar. Heilbrigðisnefnd geti tekið undir að Vaka hf. hafi gengt mikilvægu hlutverki við endurvinnslu og úrvinnslu bifreiða. Á höfuðborgarsvæðinu hafi þrjú fyrirtæki tekið á móti bifreiðum til úrvinnslu þannig að ekki séu margir aðila sem geti fyllt í skarðið falli eitt fyrirtæki úr skafti. Í ljósi umsagna skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa, um að úrvinnsla bifreiða sé ekki í samræmi við landnotkun sé ekki hægt að veita jákvæða umsögn um beiðni Vöku hf. um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir starfsemi móttökustöðvar fyrir úrgang eða móttöku bifreiða til úrvinnslu. Umsögn nefndarinnar sé neikvæð hvað varðar þá starfsemi. Vakin sé athygli á því að í bréfi Vöku hf. er fjallað um hlutverk við að fjarlægja bifreiða af landi sveitarfélaga og vörslu þeirra bifreiða. Sá hluti starfseminnar sé ekki starfsleyfis skyldur og geti fyrirtækið sinnt því áfram. Í erindi Vöku hf. séu færð rök fyrir því að fyrirtækið hafi gengt mikilvægu hlutverki í endurvinnslu bifreiða og sé líklega verið að vísa í endursölu notaðra bíllhluta eða bílapartasölu. Eins og fram hefur komið telji nefndin að ekki hafi verið sýnt fram á brýnar ástæður fyrir veitingu undanþágu frá starfsleyfi fyrir starfsemi bílapartasölu og niðurrifs bifreiða en leggst ekki gegn veitingu undanþágu frá starfsleyfi fyrir umrædda starfsemi.

Umsögn skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar, dags. 20. júlí sl. barst ráðuneytinu með tölvupósti 21. júlí sl. Fram kemur að skipulagsfulltrúi hafi veitt Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur umsögn, dags. 20. júlí sl. Í umsögninni segir að í gildi sé Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 26. nóvember 2013 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 26. febrúar 2014. Samkvæmt aðalskipulaginu sé Héðinsgata 2 á svæði skilgreint sem M18, Köllunarklettur. Á svæði M18, Köllunarklettur sé einkum að finna skrifstofur, ýmsa þjónustu og léttan iðnað auk íbúða. Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, sbr. b-lið í gr. 6.2., sé landnotkunarflokkurinn miðsvæði skilgreindur svo: „*Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.*“ Samkvæmt reglugerðinni sé gert ráð fyrir léttum iðnaði á athafnasvæðum. Um þann landnotkunarflokk segi í e-lið í gr. 6.2. að það sé svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta sé á mengun, svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Í f-lið sama reglugerðarákvæðis sé iðnaðarsvæði skilgreint sem svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem talin er geta haft mengun í för með sér og séu þar m.a. taldar upp endurvinnslustöðvar, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni. Í gildi sé deiliskipulag fyrir Klettasvæði samþykkt í borgarráði 26. október 1999 ásamt síðari breytingum. Í deiliskipulaginu fyrir reitinn sé gert ráð fyrir léttum iðnaði, vörugeymslum, skrifstofum og þjónustustarfsemi. Í aðalskipulagi sé auk þess gert ráð fyrir að þar muni rísa íbúðabygging. Fyrir lóð

nr. 2 við Héðingsgötu sé sérstaklega tiltekið að starfsemin þar sé umbúðaframleiðsla með vörugeymslum og þjónustu. Heimild sé í aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir léttan iðnað á lóðinni og einnig sé heimil þjónusta samkvæmt deiliskipulagi. Í niðurlagi úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 15/2021 sé vikið að heimilaðri starfsemi á lóðinni. Í gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið komi fram í sérstökum skilmálum og skýringum að á umræddri lóð sé gert ráð fyrir umbúðaframleiðslu, vörugeymslum og þjónustu og telji úrskurðarnefndin að gildandi skipulagsskilmálar leggi hömlur á þá starfsemi sem fram geti farið á skipulagssvæðinu og falli hin umdeilda starfsemi því ekki að skilmálum gildandi deiliskipulags. Á þeim grundvelli hafi starfsleyfið verið fellt úr gildi sem náði yfir móttökustöð fyrir úrgang, auk starfsemi bílapartasölu, bifreiða- og vélaverkstæði og hjólbarðaverkstæði að Héðingsgötu 2. Heimild sé í aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir léttan iðnað á lóðinni og einnig sé heimil verslun og þjónusta samkvæmt deiliskipulagi. Telji úrskurðarnefndin að hluti starfseminnar sem feli í sér móttöku og úrvinnslu úr sér genginna bifreiða falli ekki undir það að vera léttur iðnaður. Niðurstaða skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar sé sú að ekki séu gerðar skipulagslegar athugasemdir við starfsemi fyrir bílapartasölu en aftur á móti sé móttökustöð fyrir úrgang ekki í samræmi við skipulagsskilmála og því gerð athugasemd við þá starfsemi á lóð Héðingsgötu 2 í Reykjavík. Nánar segir í umsögn skipulagsfulltrúa Reykjavíkur til heilbrigðisnefndar um endurnýjun á starfsleyfi fyrir Vöku hf. að Héðingsgötu 2, að bílapartasala flokkist sem léttur iðnaður og falli einnig undir hugtakið þjónusta og rúmast því innan gildandi deiliskipulags. Jafnframt áréttaði skipulagsfulltrúi mikilvægi snyrtimennsku starfseminnar, bæði út og inni af tillitsemi við starfsmenn, íbúa og viðskiptavini.

Við meðferð málsins hafa ráðuneytinu borist ábendingar og athugasemdir frá íbúum í Laugarnesi.

Þann 16. júlí sl. sendi Ásdís G. Þorsteinsdóttir íbúi í Laugarnesi í samriti til ráðuneytisins og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur athugasemdir við tillögu að starfsleyfi fyrir Vöku hf. að Héðingsgötu 2 vegna starfsemi bílapartasölu og niðurrifs bifreiða og óskar félagsins um undanþágu frá starfsleyfi. Í erindinu er bent á að í niðurstöðum úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 25. júní í máli nr. 15/2021, um ógildingu starfsleyfis Vöku hf., segi m.a. að hluti þeirrar starfsemi sem um ræðir í sér móttöku og úrvinnslu úr sér genginna bifreiða. Þannig sé m.a. úrgangur úr bílum, s.s. spilliefni, flokkaður og sendur til förgunar. Ekki sé því hægt að telja að hin umþrætta starfsemi geti talist vera léttur iðnaður í skilningi gildandi aðalskipulags, enda verði að skýra það hugtak í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar. Starfsemin hafi í för með sér mengunarhættu og ekki sé hægt að fallast á að hún sé hreinleg og geti hún því ekki fallið undir landnotkunarflokkinn miðsvæði, eins og hann er skilgreindur í skipulagsreglugerð. Jafnframt samræmist starfsemin hvorki landnotkun svæðisins samkvæmt skipulagsreglugerð né skipulagsskilmálum, hvort sem litið sé til Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 eða gildandi deiliskipulags, eins og áskilið sé í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Íbúinn vísar enn fremur til þess að skv. 6. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála séu úrskurðir nefndarinnar fullnaðarúrskurðir á stjórnarsýslustigi. Af framangreindum ástæðum sé óheimilt að veita umrætt starfsleyfi og því sé lagst alfarið gegn tillögunni og mælst til þess að umsókninni verði hafnað. Af sömu ástæðu sé óheimilt að veita undanþágu frá starfsleyfi í þessu tilviki.

Í tölvupósti frá íbúa, dags. 23. júlí sl. er vísað til þess að skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar geri ekki skipulagslegar athugasemdir við starfsemi fyrir bílapartasölu, bifreiða- og vélaverkstæði og hjólbarðaverkstæði. Bent er á að starfsemi bílapartasölnnar og bifreiða- og vélaverkstæði sé hluti af úrvinnsluferli fyrirtækisins eins og komi fram í greinargerðum Vöku hf. sem fylgja með umsóknum um starfsleyfi. Íbúar hafi áhyggjur af því að hér sé stjórnarsýslan að finna leið fyrir fyrirtækið til að starfa óbreytt áfram í Héðingsgötu 2 með því að hafna leyfi um móttökustöð, en gefa grænt ljós á hin þrjú starfsleyfin. Íbúar hafi orðið vitni að því að frá því að úrskurðurinn hafi verið kveðinn upp að fyrirtækið hafi verið og sé enn að vinna við úrvinnslu bíla, bílaparta og járn frá ökutækjum á lóðinni. Með því að leyfa bílapartasölu, bifreiða- og vélaverkstæði og hjólbarðaverkstæði sé verið að greiða leið fyrirtækisins til að starfa óbreytt áfram þrátt fyrir að starfsemin falli ekki undir léttan iðnað og samræmist ekki skipulagi svæðisins. Ekki megi sjá hvernig hægt sé að vinna við úrvinnslu bíla án þess að tekið sé á móti efninu á einn eða annan hátt. Íbúar hafi staðið í ströngu frá því í ársbyrjun 2020 og ítrekað komið á framfæri kvörtunum og bent

á að starfsemin eigi ekki heima á þessu svæði svo nálægt íbúabyggð. Það yrði mikið áfall fyrir íbúa ef undanþága fengist frá ráðherra eftir allt sem á undan er gengið.

Skilyrði fyrir veitingu undanþágu frá starfsleyfi eru m.a. að fram sé komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og að ríkar ástæður mæli með undanþágunni. Ákvörðun Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um að veita tímabundið starfsleyfi fyrir Vöku hf. að Héðinsgötu 2 í Reykjavík var felld úr gildi með úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 25. júní 2021, þar sem umrædd starfsemi samræmist hvorki landnotkun svæðisins samkvæmt skipulagsreglugerð né skipulagsskilmálum, sbr. kröfu í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hefur borist umsókn um starfsleyfi frá Vöku hf. fyrir bílapartasölu, niðurrif bifreiða að Héðinsgötu 2 í Reykjavík, metið fyrirbyggjandi starfsleyfisumsókn fullnægjandi og auglýst starfsleyfistillögur á vefsíðu sinni með gildistíma til 31. desember nk. enda er fyrirhugað að starfsemin flytji annað fyrir þann tíma. Starfsemi bílapartasölu, niðurrif bifreiða var hluti af heildarstarfsleyfi Vöku hf. að Héðinsgötu 2 sem felld var úr gildi með fyrrgreindum úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem hluti starfseminnar samræmist ekki aðalskipulagi svæðisins. Fyrir liggur að heilbrigðisnefnd lagði í umsögn sinni ekki sjálfstætt mat á hvort að starfsemi bílapartasölu, niðurrif bifreiða, sem féll undir hið niðurfellda starfsleyfi, væri heimil eða ekki samkvæmt skipulaginu. Í umsögn skipulagsfulltrúa kemur fram að starfsemi bílapartasölu sé í samræmi við landnotkun í skipulagi og byggingarfulltrúi veitti heilbrigðisnefnd jákvæða umsögn fyrir bílapartasölu. Hér er um að ræða bílapartasölu sem feli í sér móttöku viðskiptavina í verslun og lagerhald í hillum og rekkum innandyrna sem og endursölu hjólbarða sem geymdir eru í lokuðum gámum utandyra. Ráðuneytið telur í ljósi þessa að fram séu komnar ríkar ástæður sem leiði til þess að þörf sé á undanþágu frá kröfu um starfsleyfi hvað varðar starfsemi bílapartasölnnar m.a. þar sem bílapartasala flokkast undir það að vera léttur iðnaður og þjónusta og rúmast innan gildandi deiliskipulags. Vaka hf. hafi verið í góðri trú um að öll starfsemi félagsins væri í samræmi við skipulag svæðisins og að félagið yrði ekki fyrir óþarfa tjóni vegna þess að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hafi gefið út eitt starfsleyfi fyrir margþætta starfsemi félagsins. Hins vegar er ljóst að móttaka og úrvinnsla úrgangs, þ. á m. úr sér genginna ökutækja, samræmist ekki skipulagi á svæðinu.

Í ljósi þessa, framangreindra umsagna Umhverfisstofnunar, Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar og íbúa í Laugarnesi og í samræmi við 1. mgr. 6. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, veitir ráðuneytið hér með Vöku hf. björgunarfélagi, kt. 670269-5589, tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir bílapartasölu að Héðinsgötu 2 í Reykjavík.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Undanþágan nær eingöngu til starfsemi bílapartasölu Vöku hf. sem felur í sér móttöku viðskiptavina í verslun og lagerhald í hillum og rekkum innandyrna sem og endursölu hjólbarða sem geymdir eru í lokuðum gámum utandyra að Héðinsgötu 2 í Reykjavík og gildir ekki um móttöku og úrvinnslu, þ.m.t. niðurrif, ökutækja, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 303/2008.
2. Vaka skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag og virða lóðamörk.
3. Vaka hf. skal fylgja þeim kröfum sem mælt er fyrir um í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og almennum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, sjá
https://reykjavik.is/sites/default/files/almenn_skilyrði_fyrir_mengandi_starfsemi_2018_2_2.pdf.
4. [Vaka hf. skal tryggja snyrtimennsku starfseminnar, bæði utan- og innandyrna.](#)
5. [Starfsemin er háð eftirliti Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.](#)

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með þeirri starfsemi sem undanþágan nær til. Vaka hf. ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber Vöku hf. að fylgja fyrimælum nefndarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Nefndin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga

nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum undanþágu. Vakin er athygli á að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur gæti í eftirliti þurft að fylgja eftir kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan, gefist tilefni til, enda hefur starfsleyfi ekki enn verið útgefið vegna starfseminnar.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Undanþága þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 31. desember 2021.

Jafnframt að fengnum framangreindum umsögnum, þess að hluti umræddrar starfsemi felur í sér móttöku og úrvinnslu úr sér genginna bifreiða, sem telst ekki vera léttur iðnaður í skilningi gildandi aðalskipulags, er ekki hreinleg starfsemi, hefur í för með sér mengunarhættu og að úrvinnslu hluti starfseminnar samræmist ekki landnotkun svæðisins og með vísan til þess að skilyrði fyrir undanþágu frá starfsleyfi eru ekki uppfyllt þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að ríkar ástæður séu fyrir veitingu undanþágu, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, áformar ráðuneytið að hafna beiðni Vöku hf. um undanþágu frá starfsleyfi fyrir úrvinnslu úr sér genginna ökutækja. Hafi Vaka hf. athugasemdir við fyrirhuguð áform ráðuneytisins er óskað eftir því að þær berist ráðuneytinu eigi síðar en 16. ágúst nk. Hafi athugasemdir ekki borist ráðuneytinu innan þess frests má gera ráð fyrir að framangreindri beiðni um undanþágu verði hafnað.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Trausti Ágúst Hermannsson

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd_Reykjavíkur
Skipulagsfulltrúi_Reykjavíkurborgar
Ásdís_G_Þorsteinsdóttir
Andrea_F_Jónsdóttir

Guðjón Ingi Eggertsson

Frá: Lulu Munk Andersen
Sent: föstudagur, 23. júlí 2021 13:46
Til: Guðjón Ingi Eggertsson
Efni: SV: Héðinsgata 2 - ósk um umsögn vegna umsóknar um starfsleyfi_bílapartasala

Sent to GoPro Case: -1

Húsnæðið heimilar þessa notkun. Samkvæmt heimildum byggingarfulltrúa er ekki séð að breyting hafi átt sér stað á húsnæðinu frá samþykktum aðaluppdráttum dags. 9. mars 2021 – ef svo er ber að sækja um leyfi hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur.

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að heilbrigðiseftirlit gefi út starfsleyfi fyrir starfsemi bílapartasölu að Héðinsgötu 2, (mthl 12 og 15), 105 Reykjavík.

Erindi þetta hefur fengið jákvæða umsögn með fyrirvara um að lokaúttekt vegna erindis BN057065 sé lokið fyrir 8. september 2021.

Með kveðju,
Lulu Munk Andersen

Kraftur - Samvinna - Virðing – Vinsemd

Lulu Munk Andersen, byggingarfræðingur
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur
Byggingarfulltrúinn í Reykjavík
Borgartún 12-14, 105 Reykjavík
netfang: lulu.munk.andersen@reykjavik.is
sími: 411 1111, veffang: <http://www.reykjavik.is/>



Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Frá: Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is <Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is>
Sent: fimmtudagur, 15. júlí 2021 11:19
Til: Lulu Munk Andersen <Lulu.Munk.Andersen@reykjavik.is>
Afrit: Nikulás Úlfar Másson <Nikulas.Ulfar.Masson@reykjavik.is>
Efni: Héðinsgata 2 - ósk um umsögn vegna umsóknar um starfsleyfi_bílapartasala

Tilvísun í mál: 2021070181

Góðan daginn.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur hefur borist umsókn Vöku hf. kt: 670269-5589 um starfsleyfi fyrir starfsemi bílapartasölu að Héðinsgötu 2, matshluta 12 og 15. Um er að ræða umsókn um endurnýjun starfsleyfis til **31.12.2022**. Óskað er umsagnar byggingarfulltrúa um það hvort starfsemin sé í samræmi við heimila notkun húsnæðis. Fyrra starfsleyfi,

gefið út 2.2.2021 með gildistíma til 31.12.2021 var fellt úr gildi með úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála 25. júní 2021 (mál 15/2021).

Til upplýsingar hefur Vaka hf. nú sótt um fjögur starfsleyfi þ.e. sérstakt starfsleyfi fyrir hvern starfsleyfisskyldan hluta starfseminnar (móttökustöð fyrir úrgang, bílapartasala, bifreiða- og vélaverkstæði og hjólbarðaverkstæði) en áður var öll starfsemin á einu starfsleyfi HER. Verður óskað umsagnar byggingarfulltrúa, og einnig skipulagsfulltrúa, fyrir hverja umsókn.

Einnig er upplýst um að Vaka hf. hefur sótt um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til umhverfis- og auðlindaráðherra, sbr. heimild í 6.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ráðuneytið hefur óskað umsagnar HER vegna þeirrar beiðni fyrir lok næstu viku eða 23. júlí í síðasta lagi. HER óskar þess að byggingarfulltrúi hraði eftir megni að veita HER umbeðna umsögn þannig að HER geti tekið tillit til hennar í sinni umsögn til ráðuneytisins.

Meðfylgjandi eru afrit af umsókn og greinargerðir um starfsemina.

Með kveðju,
Guðjón Ingi Eggertsson, heilbrigðisfulltrúi
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Umhverfiseftirlit

Borgartún 12, 105 Reykjavík
s: 411 1111, t-póstur: gudjon.ingi.eggertsson@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit

Reglur um trúnað í tölvupóstsendingum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>



HEILBRIGÐISEFTIRLIT REYKJAVÍKUR

Borgartún 12-14, 105 Reykjavík - Sími 411 1111

www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit - heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is

Umsókn um starfsleyfi

- Ný starfsemi Nýskráning Eigendaskipti Endurnýjun leyfis
 Flutningur í nýtt húsnæði Breytingar á húsnæði Breytingar á starfsemi Tímabundið leyfi

Nafn fyrirtækis: Vaka hf., björgunarfélag

Nafnið á fyrirtækinu eins og það er skráð í símaskrá

Aðsetur: Héðinsgata 2

Heimilisfangið þar sem starfsemi er eða verður

Póstnúmer: 105

Póstnúmer aðseturs

Sími: 5676700

Netfang: reynir@vaka.is

Heimasíða: www.vaka.is

Nafn rekstraraðila: Vaka hf., björgunarfélag

Lögaðili eða einstaklingur

Kt.: 670269-5589

Lögheimili rekstraraðila: Héðinsgata 2

Póstnr.: 105

Póstnúmer lögheimilis

Tegund rekstrar og framleiðslu: Bilapartasala, niðurrif bifreiða. Sjá nánar í meðfylgjandi greinargerð.

sjá einnig bakhlíð.

Nafn forsvarsmanns: Reynir Þór Guðmundsson

kt.: [REDACTED]

Heimili: [REDACTED]

Sím: [REDACTED]

Starfsemi hefst: Sem fyrst

Áætluð lok starfsemi: _____

Fyrirvarismaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð svo og önnur lög og reglur er starfsemin varða.

Fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á húsnæði, framleiðslu og rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Rík 5/7/2021

Staður og dagsetning

REYR VAKA
Kt. 670269-5589

Undirskrift forsvarsmanns

Eigandi fasteignar: Köllunarklettur ehf

kt.: 511119-1890

Fastanúmer fasteignar: 2015836, 2015860, 2015852, 2015854

Skráð einnig rýmisnúmer þar sem starfsemi er ef það eru mörg rýmisnúmer innan fasteignar

Gerdabær 7/7 2021

Staður og dagsetning

Pálmar Jonsson

Undirskrift eiganda fasteignar

Samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, njóta kröfur vegna starfsleyfis, eftirlits og kostnaðar af aðgerðum heilbrigðisnefnda, lögveðs í viðkomandi fasteign, sbr. 12., 25. og 27. gr. nefndra laga.

Umsókn móttækni:

13.7.2021 GIE

Afgreiðsla heilbrigðisnefndar:

Númer leyfis:

Gjald.fl. 4

Starfsemisflokkur: 50.30.1
bilapartasala

Samþykkt húsnæði _____

Innra eftirlit: _____

Færa viðbótarupplýsingar á baksíðu >

Viðbótarupplýsingar

Mengandi-og hollustuháttastarfsemi: Lýsa nánar starfsemi eftir því sem við á; myndun og losun mengandi efna í umhverfi, flokkun og skilum úrgangs- og spilliefna, losun í fráveitu. Gera grein fyrir mengunarvörnum við fráveitu (olíu- og fitugildrum), skilgreina og lýsa loftræsingu, mótvægisáðgerðum vegna hávaða, öryggismálum o.s.frv. Gera skal grein fyrir innra eftirliti fyrirtækis sjá nánar hér að neðan varðandi matvælastarfsemi og athugið að ofangreind atriði eiga mörg hver einnig við matvælafyrirtæki

Matvælastarfsemi:	
Eðli starfseminnar <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Eingöngu matvælasnertiefni<input type="checkbox"/> Engin meðhöndlun óvarinna matvæla á staðnum<input type="checkbox"/> Forþökkuð matvæli (engin meðhöndlun óvarinna matvæla eða eldun)<input type="checkbox"/> Áhættulítilmatvæli (s.s. grænmeti/ávextir) meðhöndluð eða elduð<input type="checkbox"/> Viðkvæm matvæli (s.s. mjólkurvörur, fiskur,kjöt, fuglakjöt) meðhöndluð eða elduð	Búnaðargerðir <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Frítt standandi handlaug með handfrjálsum blöndunartækjum á hverju vinnsluvæði og í afgreiðslu<input type="checkbox"/> Matvælavaskur (fjöldi: __)<input type="checkbox"/> Tækja- og áhaldavaskur<input type="checkbox"/> Borðbúnaðarvaskur<input type="checkbox"/> Eingöngu einnota borðbúnaður<input type="checkbox"/> Margnota borðbúnaður
Búnaður <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Eldunarbúnaður<input type="checkbox"/> Háfur og loftræsting frá honum (vélræn)<input type="checkbox"/> Kælir (ar)<input type="checkbox"/> Frystir (ar)<input type="checkbox"/> Uppþvottavél<input type="checkbox"/> Annað <hr/> <p>Gera grein fyrir í fylgiskjali</p>	Starfsmannaaðstaða <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Fataskiptaaðstaða með læsanlegum skápum fyrir yfirhafnir og persónulega muni starfsfólk<input type="checkbox"/> Starfsmannasnyrting<input type="checkbox"/> Kaffistofa með kaffivaski
Ræstiaðstaða <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Lokuð loftræst ræstiaðstaða með ræstilaug<input type="checkbox"/> Sérstök lokuð loftræst ræstiaðstaða með ræstilaug fyrir eldhús	Matvælaöryggiskerfi (Innra eftirlit) <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Einfalt innra eftirlit, Fl. 1<input type="checkbox"/> Innra eftirlit , Fl. 2<input type="checkbox"/> Innra eftirlit með HACCP, Fl. 3